

Ed.

123. Frumvarp til laga

[73. mál]

um breyting á lögum nr. 80 7. sept. 1942, um kosningar til Alþingis.

(Lagt fyrir Alþingi á 77. löggjafarþingi, 1957.)

1. gr.

1. mgr. 70 gr. laganna orðist svo:

Áður en kjósanda, sem greiða vill atkvæði utan kjörfundar, eru afhent kjörgögn, skal hann skýra kjörstjóra frá ástæðum til þess, að hann óskar að neyta atkvæðisréttar síns fyrir kjördag, og gera sem nákvæmasta grein fyrir því, hvar hann muni verða staddur á kjördegi. Skal kjörstjóri færa upplýsingar þessar í bók, sem yfirkjörstjórn löggildir í þessu skyni. — Að þessu loknu fær kjósandi afhent tölusett fylgibréf, með áföstum kjörseðli, og skal hann síðan aðstoðarlaust, í einrúmi og án þess að nokkur maður sjái, rita atkvæði sitt á kjörseðilinn á þann hátt, er að framan greinir, loka honum síðan, þannig að það verði innan á, er hann hefur skrifað á seðilinn, og líma hann vandlega aftur.

Aftan við gr. bætist ný málsgrein, svo hljóðandi:

Frambjóðendur og umboðsmenn framboðslista skulu hafa aðgang að bók þeirri, sem um getur í 1. mgr. þessarar greinar.

2. gr.

97. gr. laganna orðist svo:

Atkvæðagreiðslu má ekki slíta fyrr en 8 klukkustundir eru liðnar, frá því að kjörfundur hófst, og ekki fyrr en hálf klukkustund er liðin, frá því kjósandi gaf sig síðast fram. Atkvæðagreiðslu má þó slíta, er allir, sem á kjörskrá standa, hafa greitt atkvæði og eftir 5 klukkustundir, ef öll kjörstjórnin og umboðsmenn eru sammála um það, enda sé þá hálf klukkustund liðin frá því kjósandi gaf sig síðast fram.

Kjörfundi skal þó eigi slíta síðar en kl. 23 á kjördag. Þeir kjósendur, sem hafta gefið sig fram fyrir þann tíma, eiga þó rétt á að greiða atkvæði.

3. gr.

Aftan við 103. gr. laganna bætist ný málsg., svo hljóðandi:

Óheimilt er með öllu að senda af kjörfundi upplýsingar um það, hvaða kjósendur koma og neyta atkvæðisréttar síns. Enn fremur er óheimilt að skrifa hjá sér, hverjir greiða atkvæði eða hverjir greiða ekki atkvæði, og er frambjóðendum og umboðsmönnum þeirra óheimilt að hafa með sér á kjörfundi kjörskrá eða nokkra aðra skrá. Skal oddviti kjörstjórnar hafa eftirlit með því, að ákvæðum þessum sé fullnægt og að frambjóðendur og umboðsmenn þeirra hafist ekki annað að á kjörfundi en að fylgjast með því, að kosning fari fram lögum samkvæmt.

4. gr.

Aftan við 105. gr. laganna bætist ný málsg., svo hljóðandi:

Um leið og kosningu er lokið og kjörstjórn búin að vinna nauðsynlegar skýrslur úr kjörskránni, skal yfirkjörstjórn safna saman öllum eintökum kjörskrárinnar, sem notuð hafa verið við kosninguna, ganga frá þeim í vönduðum umbúðum og innsigla þær og fá í hendur sýslumanni eða bæjarfógeta (í Reykjavík borgarfógeta) til varðveislu.

5. gr.

3. töluliður 139. gr. laganna orðist svo:

3. Að reyna að hafa áhrif á atkvæðagreiðslu, hvort heldur er með ræðuhöldum, prentuðum eða skriflegum ávörpum eða auglýsingum, með því að bera eða hafa uppi flokksmerki, merki lista eða önnur auðkenni á sjálfum kjörstaðnum, þ. e. í kjörfundarstofu, kjörklefa eða annars staðar í eða á þeim húsakynnum, þar sem kosning fer fram, svo og á næstu húsum og í aðliggjandi götum.

6. gr.

Nýr töluliður bætist við 139. gr. laganna, 4. liður (aðrir liðir breytast í samræmi við það), svo hljóðandi:

4. Að hafa flokksmerki, merki lista eða önnur auðkenni á bifreiðum meðan kjörfundur stendur yfir svo og að nota gjallarhorn til áróðurs á sama tíma.

7. gr.

Fyrir orðin „frá 50—1000 kr.“ í 146. gr. laganna komi orðin: frá 1000—20000 kr.

8. gr.

Fyrir orðin „frá 20—200 kr.“ í 147. gr. laganna komi orðin: frá 400—4000 kr. Aftan við 147. gr. bætist nýr töluliður, er verði 14. liður, svo hljóðandi:

14. Ef maður safnar saman upplýsingum eða gefur öðrum upplýsingar um það, hverjir hafa kosið á kjördegi.

9. gr.

Fyrir orðin „100—1000 króna“ í 148. gr. laganna komi orðin: 2000—20000 króna.

10. gr.

Fyrir orðin „50—1000 króna“ í 149. gr. laganna komi orðin: 1000—20000 króna.

11. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Kosningalög á Íslandi eru tvönn: Lög um sveitarstjórnarkosningar frá 1936 og lög um kosningar til Alþingis frá 1942. Helztu ákvæðin, er varða fyrirkomulag kosninganna og framkvæmd þeirra, eru í lögunum um kosningar til Alþingis, en um þau atriði er í lögunum um sveitarstjórnarkosningar vísað í fyrrgreind lög. Með lög-

unum um kosningar til Alþingis 1942 voru í ýmsum efnum sett viðtækari og nánari ákvæði en voru í eldri kosningalögum. Svo sem eðlilegt má teljast um jafnumfangsmikla og að mörgu leyti vandasama löggjöf sem kosningalög eru, hefur reynslan leitt í ljós nokkra agnúa á lagasetningu þessari, sem full ástæða virðist til að sníða af lögunum, einkum með því að kveða skýrar á um einstök atriði en þar er gert.

Árið 1955 var samkvæmt þingsályktun kosin á Alþingi nefnd til að endurskoða lögin um kosningar til Alþingis, og hefur sú nefnd enn eigi lokið störfum.

Frumvarp það, sem hér er flutt, miðar að því að breyta nokkrum þeim ákvæðum um kosningalaganna, sem reynsla undanfarinna ára bendir ótvírætt til að lagfæra þurfi eða setja um ákveðnari fyrirmæli en áður hafa gilt. Enda þótt breytingartillögur þær, sem hér eru fluttar, feli aðeins í sér breytingar á lögunum um kosningar til Alþingis, taka þær bæði til kosninga til sveitarstjórna og Alþingis.

Um einstakar greinar frumvarpsins er rétt að taka þetta fram:

Um 1. gr.

Að gildandi lögum er atkvæði manns, sem neytt hefur atkvæðisréttar síns utan kjörfundar, ógilt, ef sannast, að hann sé staddur innan þess hrepps eða kaupstaðar, þar sem hann stendur á kjörskrá, þá er kosning fer fram. Þykir rétt að auðvelda sönnun um, að ekki sé kosið í ríkara mæli utan kjörfundar en lög heimila.

Um 2. gr.

Í lögunum eru skýr ákvæði um það, hvenær kjörfundir skuli hefjast. Í kaupstöðum skal byrja kjörfund kl. 10 á kjördag, en annars staðar kl. 12. Hins vegar eru ákvæðin um slit kjörfundar ekki jafnskýr, og hafa þau leitt til mismunandi framkvæmdar eftir skilningi og skýringum hinna ýmsu kjörstjórna. Slikt ástand er óviðunandi. Til dæmis hefur yfirkjörstjórn hér í Reykjavík skilið það ákvæði 97. gr. laganna, að þegar kjörfundur hefur staðið í 12 tíma, megi ekki slíta fundi fyrr en stundarfjórðungur sé liðinn, frá því að kjósandi gaf sig síðast fram, á þann hátt, að hún hefur haldið áfram kjörfundi, löngu eftir að kjördagur var liðinn. Hér er lagt til, að þetta ákvæði falli niður, en skýrt ákvæði komi í staðinn, þar sem fyrir er mælt, að kjörfundi skuli alls staðar slíta í síðasta lagi kl. 23 með þeim eina fyrirvara, að þeir kjósendur, sem þá hafa gefið sig fram við kjörstjórn á staðnum, fái að kjósa. Þetta mundi í framkvæmd verða þannig, að útidyrum kjörfundarhúss yrði lokað kl. 23 og þeir, sem þá væru komnir inn í húsið, gætu kosið. Eftir 97. gr. þannig breyttri ætti kjörfundur í kaupstað ekki að geta staðið lengur en 13 klukkustundir, og virðist það nægilegur tími. Eðlilegast virðist, að um þetta séu skýr ákvæði í lögum.

Um 3. gr.

Í þessari grein er lagt bann við því, að sendar séu frá kjörfundi upplýsingar um það, hverjir neyta atkvæðisréttar síns. Hefur það farið mjög í vöxt hin síðari ár, a. m. k. í kaupstöðum, að flokkarnir noti rétt sinn til að hafa umboðsmenn í kjördeildum fyrst og fremst til að fylgjast með því, hverjir hafa kosið og hverjir ekki. Á þeirri vitneskju, sem þannig fæst, er síðan byggð kosningasmölun, sem telja verður óæskilega og raskar þeirri leynd og þeim friði um kosningarréttinn, sem hver maður á að njóta.

Um 4. gr.

Hér er nýmæli um meðferð kjörskrána, eftir að kosningu lýkur. Með ákvæðinu á að tryggja þann rétt kjóсандans, að eftir kjördag sem á kjördegi megi hann treysta því, að óviðkomandi menn fái ekki vitneskju um það, hvort hann hafi kosið eða ekki, en slikt er jafnmikið einkamál hans eins og hvernig hann kys.

Um 5. gr.

Hér eru skýrari ákvæði en í gildandi lögum um það, hvað telja beri óleyfilegan kosningaráróður. Þörf er á því að friða sjálfan kjördaginn með því að takmarka

áróður flokka og frambjóðenda. Æskilegast væri, að áróður væri með öllu niður felldur alls staðar í kjördæminu, meðan kjörfundur stendur yfir, en hætt er við, að slíkt komist ekki á fyrr en stjórnmalaflokkarnir í landinu verða sammála um það. En rétt þykir að útiloka með lagaboðum áróður á kjörstað og í næsta nágrenni, svo sem hér er lagt til. Með ákvæðinu er mönnum bannað að hafa uppi flokksmerki sín á kjörstaðnum og að hafa uppi áróður á kjörstað, á næstu húsum og í aðliggjandi götum.

Um 6. gr.

Þetta ákvæði þarfnast ekki langra skýringa. Ákvæðið bannar allar merkingar á bílum, hvar sem er í kjördæminu, meðan kjörfundur stendur, svo og notkun gjallarhorna.

Um 7. gr. — 10. gr.

Þessar greinar fela í sér hækkun sekta fyrir brot á kosningalögunum í samræmi við verðlagsbreytingar á síðustu árum.

Lagt er til, að nýr liður, nr. 14, bætist við 147. gr. laganna, og í þessum lið eru sett viðurlög við því að safna eða gefa upplýsingar um það, hverjir hafa kosið á kjördegi.